

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir fógeta að víkja sæti.

Enda þótt fógeti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi tekið þátt í úrskurði yfirséðanefndar um frávisun á útsvarskæru gerðarþola, þá lítur rétturinn svo á, að afskipti fógeta af máli þessu hafi verið svo lítil, að engin ástæða er til að ætla hann hlutdrægan um að leggja efnisdóm á það, enda engar sönnur færðar fyrir slíkri staðhæfingu.

Fógeti er giftur systur konu oddvita Dyrhólahrepps, en slíkt samband veldur ekki vanhæfi fógeta til að fara með málið, sbr. 36. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936, enda verður að telja, að hann sé ekki svo við málið eða málsaðilja riðinn, að úrslit málsins valdi honum fjárhagslegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki.

Er því að áliti réttarins engin ástæða fyrir fógeta til að víkja sæti, og verður krafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Fógeti vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 183/1955. Kristján Bjarnason

gegn

Hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins
og Jóni Kjartanssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Héraðsdómari vikur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 3. desember f. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð fógetaðóms Skaftafellssýslu sama dag, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víki sæti í máli

hreppsnefndar Dyrhólahrepps f. h. hreppsins gegn sóknaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og fógeta gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent kröfur né greinargerðir í málinu.

Í framangreindu fógetaðómsmáli byggir sóknaraðili kröfu sína um synjun lögtaks á því, að rangt sé tilgreindur framlagningardagur útsvarsskrár Dyrhólahrepps árið 1954 og útsvarskæra hans, sem lýst er í hinum kærða úrskurði, hafi því eigi borið of seint til hreppsnefndar Dyrhólahrepps. Yfirskattanefnd Skaftafellssýslu felldi einróma úrskurð um ágreiningsatriði þetta 29. desember 1954, og var hinn reglulegi fógeti einn nefndarmanna. Að svo vöxnu máli þykir ekki rétt, að hann skipi sæti fógeta í framangreindu lögtaksmáli, þar sem sama málsástæða kemur enn til úrlausnar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðiljanum hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi fógeti, Jón Kjartansson sýslumaður, víkur sæti í framangreindu fógetaðómsmáli.

Varnaraðili hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins greiði sóknaraðilja, Kristjáni Bjarnasyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaðóms Skaftafellssýslu 3. desember 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. nóvember s.l., hefur gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Dyrhólahrepps f. h. hreppsins, krafist lögtaks í eignum gerðarþola, Kristjáns Bjarnasonar, Hvöli II í Dyrhólahreppi, til tryggingar greiðslu á útsvari til Dyrhólahrepps, álögðu á árinu 1954, að upphæð kr. 1920.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi nauðungaruppböð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1954 var gerðarpola gert að greiða útsvar til Dyrhólahrepps, að fjárhæð kr. 1920.00.

Með bréfi, dags. 29/8 1954, kærði gerðarþoli útsvarsálagningu þessa til hreppsnefndar Dyrhólahrepps, og krafðist lækkunar á útsvarinu, en hún vísaði málinu frá sér á þeim forsendum, að kærufrestur væri liðinn.

Gerðarþoli lagði því næst málið fyrir yfirskattanefnd Skafta-fellssýslu og krafðist þess, að yfirskattanefnd skyldaði hrepps-nefndina til að taka kæru hans fyrir.

Með úrskurði yfirskattanefndar, upp kveðnum 29. desember 1954, vísaði hún málinu frá sér af sömu ástæðu og hreppsnefnd Dyrhólahrepps. Hins vegar tók yfirskattanefnd enga afstöðu til efnishliðar málsins.

Í réttarhaldi 29. nóvember s.l. krafðist umboðsmaður gerðar-pola, að fógæti, Jón Kjartansson, víki sæti í máli þessu. Færði hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hann teldi, að fógæti gæti ekki tekið hlutlausa afstöðu í málinu, vegna þess að hann hafi þegar látið í ljós álit sitt á því, hvort útsvarsskrá Dyrhólahrepps hefði legið frammi lögákveðinn tíma, með því að taka þátt í úrskurði yfirskattanefndar 29/12 1954, sbr. rskj. nr. 5. Enn fremur taldi hann, að fógæti ætti að víkja sæti, þar sem hann væri náinn venzlamaður fyrirvarsmanns hreppsnefndar Dyrhólahrepps, Sig-urðar B. Gunnarssonar oddvita.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir fógæta að víkja sæti.

Enda þótt fógæti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi tekið þátt í úrskurði yfirskattanefndar um frávísun á útsvarskæru gerðarpola, þá lítur rétturinn svo á, að afskipti fógæta af máli þessu hafi verið svo lítil, að engin ástæða er til að ætla hann hlutdrægan um að leggja efnisdóm á það, enda engar sönnur færðar fyrir slíkri staðhæfingu.

Fógæti er giftur systur konu oddvita Dyrhólahrepps, en slíkt samband veldur ekki vanhæfi fógæta til að fara með málið, sbr. 36. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936, enda verður að telja, að hann sé ekki svo við málið eða málsaðilja riðinn, að úrslit málsins valdi honum fjárhagslegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki.

Er því að álitu réttarins engin ástæða fyrir fógæta til að víkja sæti, og verður krafa umboðsmanns gerðarpola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Fógæti víkur ekki sæti í máli þessu.